



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 40. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 9. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. SEPTEMBER 2017

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 7. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Ísland ljóstengt: Hrunaljós.
2. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.
3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017.
4. SASS þing: Kosning fulltrúa.
5. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um nýtt rekstarleyfi Holtabyggð 110, flokkur II, Mosás 1.
6. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um nýtt rekstarleyfi Holtabyggð 110, flokkur II, Mosás 4.
7. Félag eldri Hrunamanna: Samstarfssamningur.
8. Féлага sauðfjárbænda í Árnassýslu: Erindi.
9. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.
10. Tónsmiðja Suðurlands: Erindi.
11. Deiliskiplagsbreyting: Flúðir – Miðsvæði, Hrunamannavegur 1-3.
12. Samstarfshópur vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnassýslu. Fundargerð frá 23. ágúst s.l.
13. Starfsmannamál.
14. Uppbygging hjúkrunarrýma á Suðurlandi.
15. Íbúafundur vegna almannavarna.
16. Næsti fundur sveitarstjórnar

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

17. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar frá 2. ágúst s.l.
18. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar frá 15. ágúst s.l.
19. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar frá 18. ágúst s.l.
20. Veitustjórn: Fundargerð 19. fundar nefndarinnar 6. september s.l.  
-liggur frammi á fundinum-

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

21. Fundargerð 138. fundar skipulagsnefndar frá 15. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. og 19. júlí s.l.  
Mál nr. 16: Grafarbakki II. Aðalskipulagsbreyting.  
Mál nr. 17: Skyggir: Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.  
Mál nr. 18: Túnsberg 2: Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.  
Mál nr. 19: Foss: Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.  
Mál nr. 28 Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. júlí s.l.  
Mál nr. 29 Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. júlí s.l.
22. Fundargerð 139. fundar skipulagsnefndar frá 31. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. og 23 ágúst s.l.  
Mál nr. 11: Skyggir: Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.  
Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. ágúst s.l.  
Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. ágúst s.l.
23. Stjórn byggðasamlagsins Bergrisans bs.: Fundargerð 26. fundar stjórnar.
24. Stjórn byggðasamlagsins Bergrisans bs.: Fundargerð 27. fundar stjórnar.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 180. fundar frá 10. ágúst s.l.

b. SASS: Fundargerð 522. fundar stjórnar frá 25. ágúst s.l.

**Kynningarmál:**

c. Akurgerði. Fundargerð 2. Verkfundar.

**Fundir á næstunni:**

d. Landsfundur sveitarfélaga um jafnréttismál 15. september.

e. Skipulagsdagurinn 15. september n.k.

f. Samgöngubing 28. september á Hótel Örk, Hveragerði.

g. Héraðsnefnd Arnesinga 10-11. október n.k.

Gengið til dagskrár:

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**1. Ísland ljóstengt: Hrunaljós.**

Á fundinn mætti Guðmundur Daníelsson, verkefnastjóri Hrunaljóss og fór yfir stöðu verkefnisins. Fyrir liggur verðkönnun um efniskaup og búið að auglýsa útboð vegna plægingu á ljósleiðararörum og blæstri á ljósleiðara. Tilboð í jarðvinnu og blástur verða opnuð þann 28. september n.k. Gert er ráð fyrir að verklegar framkvæmdir fari af stað í október. Þá liggur fyrir að sækja þarf um styrk í verkefnið „Ísland ljóstengt“ vegna ársins 2018 með það í huga að hægt verði að klára verkefnið. Mun Guðmundur setja umsóknarferli af stað. Sveitarstjórn samþykkir að ganga frá kaupum á efni skv. verðkönnun. Sveitarstjórn þakkar Guðmundi fyrir góða yfirferð.

**2. Endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps 2016-2032.**

Lagðar voru fram athugasemdir og ábendingar Skipulagsstofnunar dags. 1. september s.l. vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Á fundinn mætti Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi og Gísli Gíslason skipulagsráðgjafi tók þátt símleiðis og fóru yfir athugasemdir Skipulagsstofnunar. Skipulagsráðgjöfum falið að taka saman yfirlit um svör við athugasemdum og ábendingum Skipulagsstofnunar í samræmi við umræður á fundinum en skipulagsfulltrúi mun boða til fundar með Skipulagsstofnun þegar þær liggja fyrir.

**3. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.**

Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur sveitarfélagsins er að mestu á áætlun en ljóst er að álag er á einstaka liði og þá verða sum viðhaldsverkefni sveitarfélagsins kostnaðarsamari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

**4. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017.**

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2017. Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um kr. 9.300.000 og útgjöld um kr. 21.700.000. Einnig er um að ræða færslu milli fjárfestingarverkefna, fjárfestingar verði auknar talsvert og auk þess sem gert er ráð fyrir auknum tekjum vegna gatnagerðar- og tengigjalda. Þá er gerð sérstök fjárhagsáætlun vegna Hrunaljóss sem er B-hluta félag í eigu sveitarfélagsins. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 32.026.000 í stað 44.426.000. Nettóútgjaldaaukningu er mætt með lækkun á handbæru fé og lántökum. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2017.

**5. SASS þing: Kosning fulltrúa.**

Árสปing SASS verður haldið á Hótel Selfossi 19. og 20. október nk. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á árสปingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson og Bjarney Vignisdóttir en til vara Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Erla Björg Arnardóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri og til vara Halldóra Hjörleifsdóttir.

**6. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um nýtt rekstarleyfi Holtabyggð 110, flokkur II, Mosás 1.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstarleyfi vegna heimastíngar í Mosási 1. Sveitarstjórn hafnar beiðninni þar ekki er unnt að veita slík leyfi í skipulögðum sumarhúsaahverfum. Sveitarstjórn bendir á að ef veita eigi slíkri umsókn jákvæða umsögn þurfi að koma til breytingar á aðal- og deiliskipulagi viðkomandi svæðis.

7. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um nýtt rekstarleyfi Holtabyggð 110, flokkur II, Mosás 4.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstarleyfi vegna heimagistingar í Mosási 4. Sveitarstjórn hafnar beiðninni þar ekki er unnt að veita slík leyfi í skipulögðum sumarhúshverfum. Sveitarstjórn bendir á að ef veita eigi slíkri umsókn jákvæða umsögn þurfi að koma til breytingar á aðal- og deiliskipulagi viðkomandi svæðis.
8. **Félag eldri Hrunamanna: Samstarfssamningur.**  
Oddviti kynnti samning milli sveitarfélagsins og Félags eldri Hrunamanna. Samningurinn felur í sér að Félag eldri Hrunamanna fær beinan fjárstyrk frá sveitarfélaginu auk afnota.
9. **Félaga sauðfjárbænda í Árnessýslu: Erindi.**  
Oddviti kynnti erindi frá Félagi sauðfjárbænda í Árnessýslu þar sem þeir skora á sveitarstjórnir að ræða þann vanda sem upp er kominn í sauðfjárræktinni og að taka afstöðu til ályktunar frá þeim. Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið sauðfjárbænda og leggur áherslu á vandinn verði leystur til að tryggja búskap á landinu öllu.
10. **Tónsmiðja Suðurlands: Erindi.**  
Oddviti kynnti erindi frá Tónsmiðjunni þar sem farið er fram á aukinn kvóta á nemendaígildum vegna biðlista. Sveitarstjórn samþykkir að auka tímabundið um 2 nemendaígildi þetta skólaárið þar sem kvóti sveitarfélagsins í Tónlistarskóla Árnesinga er ekki fullnýttur. Bjarney víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
11. **Deiliskiplagsbreyting: Flúðir – Miðsvæði, Hrunamannavegur 1-3.**  
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða sem nær til lóðanna Hrunamannavegur 1 og 3 og lóð félagsheimilisins. Í breytingunni felst að lóðarmörk Hrunamannavegar 1 og 3 færast 3 m til norðurs, lóð nr. 3 minnkar lítillega og byggingarreitir færast um 5 m til norðurs. Þá breytist lóð félagsheimilisins til samræmis og sameiginlegum bílastæðum fækkar. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar vegna lóðarhafa Hrunamannavegar 1.
12. **Samstarfshópur vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu. Fundargerð frá 23. ágúst s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð fundar Samstarfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu.
13. **Starfsmannamál.**  
Oddviti kynnti störf sem þarf að auglýsa vegna starfsloka starfsmanna. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa 50% starf launafulltrúa á skrifstofu. Þá var samþykkt að auglýsa eftir forstöðumanni félagsheimilis sem einnig yrði starfsmaður áhaldahúss en gert er ráð fyrir að 85% starfshlutfall verði vegna félagsheimilis en 15% vegna áhaldahúss. Þá er samþykkt að hlutastarf umsjónarmanns fasteigna verði leyst tímabundið af hálfu annarra starfsmanna sveitarfélagsins.
14. **Uppbygging hjúkrunarrýma á Suðurlandi.**  
Oddviti fór yfir stöðu hjúkrunarrýma á Suðurlandi. Ekki er útlit fyrir að nýtt hjúkrunarheimili verði tilbúið til notkunar í Árnessýslu fyrr en árið 2020 og lítur út fyrir að rými á nýju hjúkrunarheimili á Selfossi verði aðeins 50. Samtals lögðust af 35 rými með lokun heimilanna á Kumbaravogi og Blesastöðum. Fjölgun nemur því aðeins 15 rýmum, af þeim sem til þekkja er það engan veginn nægjanlegt. Sveitarstjórn lýsir þungum áhyggjum af skorti á hjúkrunarrýmum á Suðurlandi. Það hljóti að teljast með öllu óviðunandi að senda þurfi íbúa svæðisins í mörgum tilfellum um langan veg til vistar á hjúkrunarheimilum. Sveitarstjórn hvetur til þess að lögð verði áhersla á að flýta uppbyggingu hjúkrunarrýma í héraðinu og nýtt hjúkrunarheimili á Selfossi verði byggt fyrir a.m.k. 60 rými með möguleika á stækkun síðar.
15. **Íbúafundur vegna almannavarna.**  
Oddviti kynnti fyrirhugaðan íbúafund vegna almannavarna sem haldinn verður í Félagsheimili Hrunamanna fimmtudaginn 28. september n.k. og hefst kl. 20:00.
16. **Næsti fundur sveitarstjórnar**  
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði þriðjudaginn 3. október n. kl.14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

17. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 15. fundar nefndarinnar frá 2. ágúst s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 15. fundar landbúnaðarnefndar. Þar var fjallað um niðurröðun fjallskila. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
18. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 16. fundar nefndarinnar frá 15. ágúst s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar landbúnaðarnefndar þar sem fjallað er um tilhögun leita og annað. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
19. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 17. fundar nefndarinnar frá 18. ágúst s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar landbúnaðarnefndar. Þar var fjallað um tilhögun smalamennsku og fleira. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
20. **Veitustjórn: Fundargerð 19. fundar nefndarinnar 6. september s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar frá 6. september s.l. Farið var yfir hugmyndir um rafmagnsframleiðslu frá Kópsvatnsholunni. Þá var lagt fram 8. mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða og stöðuyfirlit vatnsveitu og fráveitu. Einnig var farið yfir stöðu á ljósleiðarverkefni Hrunaljóss. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

21. **Fundargerð 138. fundar skipulagsnefndar frá 15. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. og 19. júlí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 138. fundar skipulagsnefndar frá 15. júlí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. og 19. júlí. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 16: Grafarbakki II. Aðalskipulagsbreyting.**  
Lögð var fram umsókn Laufskála ehf um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps á svæði sem nær til lóðarinnar Grafabakka II, spilda 1. Óskað er eftir að svæðinu verði breytt í þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til endurskoðað aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 verður staðfest.  
**Mál nr. 17: Skyggnir: Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.**  
Lögð var fram umsókn eiganda jarðarinnar Skyggnis um að breyta 156m<sup>2</sup> húsi í gististað. Um er að ræða sama mál og er fjallað um í lið 22 og vísast um afgreiðslu sveitarstjórnar undir þeim lið.  
**Mál nr. 18: Túnsberg 2: Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.**  
Lögð var fram umsókn um byggingarleyfi fyrir 144m<sup>2</sup> íbúðarhúsi á lóðinni Túnsbergi 2 en gert er ráð fyrir að lokinni byggingu verði íbúðarhús á lóðinni Túnsberg 3 rífið og lóðin sameinuð lóð nr. 2. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi umsókn.  
**Mál nr. 19: Foss: Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.**  
Lögð var fram umsókn íbúa á Fossi um graftarleyfi fyrir íbúðarhúsi á lóðinni Foss lóð 3. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að byggingarfulltrúi gefi út graftarleyfi með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigendum jarðarinnar Foss og þá þarf að skila inn teikningum af fyrirhuguðu húsi áður en byggingarleyfi verði gefið út. Halldóra vísar sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.  
**Mál nr. 28 Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. júlí s.l.**  
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. júlí s.l.  
**Mál nr. 29 Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. júlí s.l.**  
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. júlí s.l.
22. **Fundargerð 139. fundar skipulagsnefndar frá 31. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. og 23 ágúst s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 139. fundar skipulagsnefndar frá 31. ágúst og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. og 23. ágúst. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 11: Skyggnir: Umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús.**  
Lögð var fram að nýju umsókn eiganda jarðarinnar Skyggnis um að breyta 156m<sup>2</sup> húsi í gististað. Á fundi skipulagsnefndar þann 16. ágúst s.l. voru ekki gerðar athugasemdir við umsóknina en nú telur skipulagsnefnd leika vafa að sú ákvörðun samræmist gildandi aðalskipulagi. Sveitarstjórn hefur kallað eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda þar sem fram kemur að um er að ræða ættliðaskipti á jörðinni sem eru nú að klárast. Sami eigandi verður að umræddu húsi og

jörðinni Skyggni og viðkomandi mun eiga þar áfram heimili. Að mati sveitarstjórnar samræmist því umsóknin gildandi aðalskipulagi og samþykkir hana.

**Mál nr. 18: Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 9. ágúst s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. ágúst s.l.

**Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingafulltrúa frá 23. ágúst s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. ágúst s.l.

**23. Stjórn byggðasamlagsins Bergrisans bs.: Fundargerð 26. fundar stjórnar.**

Lagt fram til kynningar.

**24. Stjórn byggðasamlagsins Bergrisans bs.: Fundargerð 27. fundar stjórnar.**

Lagt fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 180. fundar frá 10. ágúst s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. SASS: Fundargerð 522. fundar stjórnar frá 25. ágúst s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**c. Akurgerði. Fundargerð 2. Verkfundar.**

Lagt fram til kynningar.

**Fundir á næstunni:**

**d. Landsfundur sveitarfélaga um jafnréttismál 15. september.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Skipulagsdagurinn 15. september n.k.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Samgönguþing 28. september á Hótel Örk, Hveragerði.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Héraðsnefnd Árnesinga 10-11. október n.k.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18.00.